



FJÖLMÍÐLANEFND

Ari Edwald
365 miðlar
Skaftahlíð 24
105 Reykjavík

Reykjavík 18. maí 2012
Mál nr. 2012-140/10.0

Efni: Hugsanleg brot á ákvæðum fjölmiðlalaga um auglýsingar og kostun.

Fjölmiðlanefnd hefur borist svarbréf 365 miðla ehf. þar sem félagið hefur komið á framfæri skýringum og sjónarmiðum sínum vegna bréfs fjölmiðlanefndar, dags. 11. maí 2012. Í bréfi fjölmiðlanefndar var vikið að tveimur þáttum sem gáfu tilefni til athugunar nefndarinnar.

Fyrri þátturinn laut að hugsanlegum brotum á 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Í ákvæðinu er kveðið á um að auglýsingar og fjarkaupainnskot séu óheimil í dagskrá sem ætluð er börnum yngri en 12 ára. Hefst bannið 5 mínútum áður en dagskrá hefst og stendur þar til 5 mínútum eftir að útsendingu slíkrar dagskrár lýkur. Í bréfi 365 miðla ehf. er það staðfest að í öllum tilfellum sem nefnd voru í bréfi fjölmiðlanefndar hafi verið um að ræða birtingu auglýsingar á tíma sem brýtur gegn umræddri lagagrein. Þá kemur fram að 365 miðlum ehf. þyki þetta miður og hafi engar málsástæður aðrar en að um hafi verið að ræða rugling í ferlun við aðlögun nýrra fjölmiðlalaga. Þá kemur fram að gengið hafi verið úr skugga um að allt starfsfólk sem hafi með bókanir og tímasetningar á dagskrá að gera sé mjög meðvitað um að það megi ekki auglýsa á þessum tímum til að slíkt gerist ekki aftur.

Fjölmiðlanefnd telur sýningu á umræddum auglýsingum vera brot á 5. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Samkvæmt m-lið 1. mgr. 54. gr. leggur fjölmiðlanefnd á stjórnvaldssektir vegna brota gegn VI. kafla laganna en falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 5. mgr. 54. gr. Eins og málið liggur fyrir telur fjölmiðlanefnd ekki þörf á beitingu stjórnvaldssekta í þessu tilviki. Nefndin bendir hins vegar á að komi til frekari brota gegn 5. mgr. 41. gr. munu slíkar sektir að sjálfsögðu koma til skoðunar.

Síðari þátturinn í bréfi fjölmiðlanefndar laut að hugsanlegu broti á 2. mgr. 42. gr. laganna þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að kosta fréttautsendingar og fréttatengt efni. Í bréfi 365 miðla ehf. eru færð rök fyrir því að það atriði sem nefnt var í bréfi fjölmiðlanefndar brjóti ekki gegn umræddu ákvæði. Fjölmiðlanefnd hefur að svo stöddu ekki tekið afstöðu til umræddra sjónarmiða en kostun íþróttafrétta mun verða til áframhaldandi athugunar hjá nefndinni, samhliða öðrum atriðum er snerta kostun. Verður bréf um þessi atriði sent 365 miðlum ehf., sem og öðrum fjölmiðlum, í sumar eða haust.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Elfa Ýr Gylfadóttir